

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 1. febrúar 2011 í máli nr. S-308/2010:

Ákærvaldið

(Halla Bergþóra Björnsdóttir settur sýslumaður)

gegn

Rhonica Rae Reynissyni

(Björgvin Halldór Björnsson hdl.)

og

Kristni Freyr Reynissyni

(Einar Hugi Bjarnason hdl.)

Mál þetta höfðaði sýslumaðurinn á Akranesi með ákæru 9. júlí 2010 á hendur ákærðu, Kristni Frey Reynissyni, kr. ..., Vesturgötu 161 á Akranesi, og Rhonicu Rae Reynisson, kt. ..., Suðurgötu 64 á Akranesi. Málið var dómtekið 19. janúar 2011.

Í ákæruskjali er ákærðu gefin að sök „eftirtalin auðgunarbrot framin í október til desember 2006:

I

Ákærða Rhonica Rae fyrir ólögmeta meðferð fundins fjár, með því að hafa í heimildarleysi kastað eign sinni á 810.000 krónur, sem voru ranglega lagðar inn á bankareikning ákærðu nr. 0322-26-8405 af Brimborg ehf. 13. október 2006, með því að taka umrædda fjárhæð út af reikningnum sama dag og millifæra upphæðina inn á tvo aðra reikninga, annars vegar kr. 800.000 inn á reikning meðákærða Kristins Freys og hins vegar kr. 550.000 inn á annan reikning þar sem eigandi er óþekktur, og þannig tileinkað sér fjármunina og ráðstafað þeim til eigin nota.

Telst þetta varða við 246. gr. almennra hegningarlaga.

II

Ákærði Kristinn Freyr fyrir hlutdeild í framangreindu broti meðákærðu Rhonicu Rae, með því að hafa á sama tíma og að framan greinir, veitt meðákærðu liðsinni í verki og tekið við framangreindri innborgun inn á bankareikning sinn nr. 135-05-403823 og endurgreitt meðákærðu kr. 560.000 af því fé til baka með 12 færslum á tveggja mánaða tímabili og stutt skýringar meðákærðu þess efnis að hann og meðákærðu hefðu átt von á stórum fjárhæðum inn á reikning hennar vegna vinnu ákærða.

Telst þetta varða við sömu ákvæði og greinir í lið I, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.“

Í ákæru er þess krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar. Einnig er í ákæru tekin upp einkaréttarkrafa Brimborgar ehf. á hendur ákærðu Rhonicu, en þess er krafist að henni verði gert að greiða fyrirtækinu 810.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 13. október 2006 til 24. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi ákærðu.

Ákærða Rhonica krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvaldsins en til vara að henni verði gerð svo væg refsing sem lög frekast leyfa. Jafnframt krefst ákærða þess að einkaréttarkröfu á hendur henni verði vísað frá dómi. Loks gerir ákærða þá kröfu að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

Ákærði Kristinn krefst þess aðallega að hann verði sýknaður en til var að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Þá er þess krafist að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

I

Ákærðu gengu í hjúskap í Bandaríkjunum árið 2000, en þar bjuggu ákærðu um hríð þar til þau fluttust til Íslands árið 2001. Ákærðu skildu síðan að borði og sæng árið 2003. Meðan á hjúskapnum stóð eignuðust ákærðu tvö börn en eftir skilnaðinn hafa þau eignast tvö börn saman. Ákærðu munu hins vegar ekki hafa tekið upp sambúð aftur.

Á árinu 2006 keypti Jóhannes Kristinsson, móðurbróðir ákærða Kristins, bifreiðina JK-610 af Brimborg ehf. til afnota fyrir ákærðu Rhonicu. Sú bifreið mun ekki hafa staðist væntingar og féllst Brimborg ehf. á að kaupin gengju til baka. Í samræmi við það var gerður kaupsamningur og afsal 30. ágúst 2006 þar sem Brimborg ehf. leysti til sín bifreiðina á 810.000 krónur. Undir samninginn ritaði ákærða Rhonica fyrir hönd seljanda samkvæmt skriflegu umboði Jóhannesar 22.

sama mánaðar. Hinn 5. september sama ár var kaupverðið lagt inn á hlaupareikning ákærðu nr. 8405 í Kaupþing banka hf.

Hinn 13. október 2006 lagði Brimborg ehf. aftur inn á hlaupareikning ákærðu Rhonicu sömu fjárhæð og nam kaupverðinu eða 810.000 krónur og fór þessi millifærsla fram kl. 15.28 samkvæmt yfirliti Glitnis hf. Nokkrum dögum áður eða 9. sama mánaðar hafði maður að nafni Hrafn Helgason einnig lagt inn á reikning ákærðu 650.000 krónur. Eftir þessar innborganir mun innistæða á hlaupareikningi ákærðu hafa numið eitthvað á aðra milljón króna. Síðar sama dag og Brimborg ehf. lagði aftur inn á reikning ákærðu millifærði hún af reikningnum í heimabanka sínum tvær færslur samtals að fjárhæð 1.350.000 krónur. Var annars vegar um að ræða innborgun að fjárhæð 550.000 krónur inn á reikning manns að nafni Örvar Fanngeirsson og hins vegar 800.000 krónur inn á bankareikning nr. 403823 í Byr, en sá reikningur var í eigu ákærða Kristins.

Eftir að ákærða Rhonica millifærði 800.000 krónur inn á bankareikning ákærða Kristins 13. október 2006 voru millifærðar samtals 560.000 krónur af þeim reikningi aftur yfir á hlaupareikning ákærðu Rhonicu. Þessar millifærslur fóru fram á tímabilinu 16. til 30. október, en þær voru sem hér segir:

16. október	kr. 20.000
16. október	kr. 50.000
16. október	kr. 100.000
17. október	kr. 15.000
18. október	kr. 30.000
18. október	kr. 100.000
20. október	kr. 60.000
23. október	kr. 65.000
23. október	kr. 20.000
25. október	kr. 50.000
30. október	<u>kr. 50.000</u>
Samtals	kr. 560.000

Nokkru eftir innborgun Brimborgar ehf. inn á hlaupareikning ákærðu 13. október 2006 kom Jóhann Jóhannsson, stjórnarformaður Brimborgar ehf., á heimili ákærðu Rhonicu og gerið henni grein fyrir þeim mistökum að kaupverð

bifreiðarinnar JK-610 hefði verið tvígreitt. Jafnframt mun stjórnarformaðurinn hafa óskað eftir að þetta yrði leiðrétt. Jafnframt var ákærðu sent innheimtubréf 24. október 2006. Ákærðu var loks sent bréf lögmanns Brimborgar ehf. 21. september 2007 þar sem því var haldið fram að framganga ákærðu varðaði við almenn hegningarlög. Einnig sagði í bréfinu að málið yrði kært til lögreglu ef ákærða endurgreiddi ekki fjárhæðina eða semdi um greiðslu hennar innan fjórtán daga.

Með bréfi 16. nóvember 2007 kærði Brimborg ehf. ákærðu Rhonicu til lögreglu en framganga hennar var talin fela í sér auðgunarbrot.

II

1

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni á Akranesi 16. janúar 2008 kom fram hjá ákærðu Rhonicu að hún hefði ekki vitað að síðari greiðslan 13. október 2006 var frá Brimborg ehf. Aftur á móti sagði ákærða að hún hefði átt von á greiðslu inn á hlaupareikning sinn frá öðrum aðila, en þeim fjármunum kvaðst hún hafa ætlað að taka við fyrir hönd ákærða Kristins. Ákærða kannaðist við að hafa fengið innheimtubréf 24. október 2006, auk þess sem maður frá Brimborg ehf. hefði komið heim til hennar og gert grein fyrir mistökunum. Henni hefði hins vegar ekki verið þetta ljóst áður en hún ráðstafaði peningunum af hlaupareikningi sínum. Neitaði ákærða því að fyrir henni hefði vakað að slá eign sinni á fé sem hún ætti ekki með réttu.

Ákærða var á ný yfirheyrð hjá lögreglunni á Akranesi 11. febrúar 2010. Nánar aðspurð um þá greiðslu sem hún hefði átt von á inn á reikning sinn kvaðst hún hafa heimilað ákærða Kristni að vísa á reikning sinn án þess að ákærða hefði haft vitneskju um frá hverjum greiðslan kæmi. Kom fram hjá ákærðu að ákærði Kristinn hefði ekki verið með debetkortareikning á þessum tíma og því hefði hann af og til notað hennar reikning þegar hann átti von á greiðslum fyrir verk sem hann var að vinna. Aðspurð kannaðist ákærða við að hafa millifært fjármuni af eigin reikningi yfir á reikning ákærða Kristins að hans beiðni. Ákærða tók hins vegar fram að hún hefði ekki kannað hvaðan greiðslan barst inn á hennar reikning.

2

Fyrir dómi greindi ákærða Rhonica frá því að Jóhannes Kristinsson hefði keypt fyrir sig bifreiðina JK-610 af Brimborg ehf. Á skömmu tímabili hefði bifreiðin bilað umtalsvert og því hefði bifreiðin verið endurgreidd þar sem Brimborg ehf. hefði ekki getað útvegað aðra bifreið í svipuðum verðflokki. Í kjölfar þess að kaupin gengu til baka kvaðst ákærða ekki hafa leitt hugann frekar að þessu.

Skömmu eftir þetta sagði ákærða að ákærði Kristinn hefði farið þess á leit að greiðsla sem hann átti í vændum yrði greidd inn á hlaupareikning ákærðu. Ákærða kvaðst hafa fallist á þetta án þess þó að hún vissi hver átti að inna þá greiðslu af hendi. Þegar ákærða athugaði stöðu reikningsins í hraðbanka hefði verið umtalsvert hærri fjárhæð inni á reikningnum en hún bjóst við. Taldi ákærða sig hafa átt um 40.000 krónur á reikningnum og því hefði hún millifært eftir beiðni ákærða Kristins 550.000 krónur inn á reikning manns, sem ákærða vissi ekki deili á, og það sem eftir var til ákærða Kristins. Nánar aðspurð sagði ákærða að ákærði Kristinn

hefði nokkrum dögum áður beðið sig að millifæra þá greiðslu sem hann átti í vændum með þessu móti. Einnig sagði ákærða að á þessum tíma hefði hún ekki verið með tölvu á heimili sínu en haft aðgang að heimabanka. Taldi ákærða sennilegast að hún hefði millifært peninganna í tölvu sem hún fékk aðgang að í Landsbanka Íslands hf. í Smáralind. Aðspurð gat ákærða ekki skýrt innborgun að fjárhæð 650.000 krónur inn á reikning sinn 9. október 2006 og þekkti ekki þann sem innti þá greiðslu af hendi.

Um framhaldið sagði ákærða að um 10 dögum síðar hefði hún að kvöldlagi fengið mann í heimsókn frá Brimborg ehf. og hefði hann sakað ákærðu um að hafa stolið peningunum. Ákærða tók fram að hún hefði fram að þessu staðið í þeirri trú að ákærði Kristinn hefði átt þessa peninga, en skömmu áður hefði hann fengið stórt lán, auk þess að eiga inni peninga hjá öðrum. Á þessum tíma hefði ákærði verið á bótum frá Tryggingastofnun ríkisins en jafnframt unnið svart og því hefði hann kosið að haga greiðslum með þessu móti. Daginn eftir að ákærða fékk heimsókn frá starfsmanni Brimborgar ehf., sennilega 24. október 2006, hefði hún kannað þetta nánar og fyrst þá áttað sig á að innborgunin hefði komið frá því fyrirtæki.

Aðspurð kvaðst ákærða ekkert hafa greitt Brimborg ehf. til baka af því fé sem hún fékk lagt inn á reikning sinn 13. október 2006. Hún hefði aftur á móti boðist til að endurgreiða hluta af fjárhæðinni og síðan eftirstöðvarnar á hæfilegu greiðslutímabili. Á þetta hefði ekki verið fallist og þess krafist að greiðsla yrði innt af hendi í einu lagi. Um fjárhag sinn á þessum tíma sagði ákærða að hún hefði þurft að standa straum af umtalsverðum útgjöldum en ákærði Kristinn hefði stutt sig eftir því sem efni hans leyfðu. Aðspurð kannaðist ákærða við að ákærði Kristinn hefði skömmu áður komið úr fangelsi eftir afplánun og ekki átt fé ef frá er talið stórt lán sem hann tók.

III

1

Við skýrslutöku hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 25. ágúst 2008 kannaðist ákærði Kristinn við að ákærða Rhonica hefði millifært einhverja peninga yfir á reikning hans haustið 2006. Aðspurður um ráðstöfun þessara fjármuna sagði ákærði að hluti af fénu hefði farið í eyðslu í eigin þágu en að öðru leyti mundi hann ekki eftir í hvað peningarnir hefðu farið. Ekkert af þessum fjármunum væri hins vegar eftir á reikningi hans.

Ákærði gaf síðan skýrslu hjá lögreglunni á Akranesi 4. desember 2009, en þá var hann yfirheyrður sem sakborningur. Aðspurður um tilefni millifærslu af hlaupareikningi ákærðu Rhonicu yfir á reikning ákærða kvaðst hann á þessum tíma hafa verið verktaki í málningarvinnu. Hann hefði ekki verið með debetkort og því fengið að beina verklaunum inn á reikning ákærðu Rhonicu. Kvaðst ákærði ekki hafa vitað að greiðslan kom frá Brimborg en hann og ákærða hefðu talið að um væri að ræða verklaun sem ákærði átti von á. Þegar ákærða urðu málavextir ljósir kvaðst hann hafa viljað endurgreiða fjárhæðina en Brimborg ehf. hefði ekki viljað taka við greiðslu nema öll fjárhæðin yrði greidd.

2

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá að hann hefði verið að vinna tilfallandi störf sem verktaki eftir að hann losnaði úr afplánun í fangelsi í lok janúar 2006. Um haustið það ár hefði hann átt von á verklaunum vegna málningarvinnu, auk þess sem hann hefði verið búinn að lána einhverja fjármuni. Nánar aðspurður taldi ákærði að útstandandi verklaun hefðu verið á bilinu 500 til 700 þúsund krónur. Hefði bæði verið um að ræða útgefna reikninga, auk þess sem hann hefði unnið án þess að gefa upp verklaun. Til skýringar á því tók ákærði fram að hann hefði á þessum tíma þegið örorkubætur.

Ákærði kvaðst hafa fengið heimild til að láta greiða inn á hlaupareikning ákærðu Rhonicu þar sem hann var aðeins með bankabók á þessum tíma og á bótum. Nánar aðspurður um ástæðuna fyrir þessu í ljósi þess að greiðslur voru þegar millifærðar af hlaupareikningi ákærðu yfir á reikning ákærða gat hann ekki skýrt þessa tilhögun. Tók ákærði fram að um hefði verið að ræða nokkrar greiðslur sem inntar hefðu verið af hendi til ákærða um hlaupareikning ákærðu.

Ákærði greindi frá því að ákærða Rhonica hefði haft samband við sig og spurt hvort hann ætti von á peningum. Einnig taldi ákærði að hann hefði beðið hana að millifæra peninga til Örvars Fanngeirssonar án þess þó að ákærði gæti greint nánar frá því hvenær hann fór þess á leit við ákærðu. Aðspurður sagði ákærði að Örvar væri kunningi sinn frá fyrri tíð sem lánað hefði ákærða fé. Einnig sagði ákærði að Hrafn Helgason væri kunningi frá þessum tímabili og taldi ákærði sig hafa lánað honum fé. Tók ákærði fram að samskipti við þessa menn mætti rekja til óreglu á þessu tímabili.

Aðspurður sagði ákærði að hann væri ekki vanur að greiða ákærðu Rhonicu í þeim mæli sem hann gerði seinni hluta október 2006, en þó hefði hann áður lagt henni til fé. Einnig sagði ákærði að hann hefði ekki ætlað að taka peninga frá henni. Þá hefði verið reynt að endurgreiða Brimborg ehf. en fyrirtækið hefði aðeins viljað taka við heildargreiðslu. Ákærði gat ekki lýst þessu nánar og benti á að Brimborg ehf. hefði frekar beint spjótum sínum að ákærðu.

Ákærði kvaðst ekki hafa spurt ákærðu Rhonicu hvaðan greiðslan inn á hlaupareikning hennar kom. Þar til starfsmaður Brimborgar ehf. setti sig í sambandi við ákærðu Rhonicu hefði hann talið að þetta væru verklaun sín eða lán sem hann hefði fengið greitt. Þetta hefði þó verið ívið hærra en þau verklaun sem ákærði átti von á án þess þó að hann myndi þetta greinilega svo löngu síðar. Aðspurður taldi ákærði sig síðar hafa fengið að mestu greidd þau verklaun sem hann átti útstandandi, en þau hefðu ýmist verið lögð inn á reikning hans eða ákærðu.

Um hagi sína sagði ákærði að hann hefði verið í einhverri neyslu vímuefna eftir að hann losnaði úr afplánun í janúar 2006, en ári síðar hefði hann hætt öllu slíku og verið allsgáður síðan.

III

Vitnið Jóhannes Kristinsson bar fyrir dómi að hann hefði keypt og greitt bifreiðina JK-610 fyrir ákærðu Rhonicu. Þetta hefði verið til að aðstoða ákærðu, sem var ein með tvö börn. Einnig staðfesti Jóhannes að hann hefði gefið henni umboð til að selja bifreiðina.

Vitnið Jóhann Jóhannsson, stjórnarformaður Brimborgar ehf., greindi frá því fyrir dómi að um það bil viku eftir að kaupverð bifreiðarinnar hafði verið tvígreitt hefði hann farið á heimili ákærðu Rhonicu til að leita eftir leiðréttingu. Sú viðleitni hefði verið árangurslaus með öllu og kvaðst vitnið ekki hafa fengið annað en glott frá ákærðu. Aðspurður kvaðst stjórnarformaðurinn ekki vita til þess að ákærðu hefðu boðist til að greiða fjárhæðina með afborgunum en vitnið taldi einboðið að því hefði verið vel tekið.

IV

Ákærðu Rhonicu er gefið að sök ólögmet meðferð fundins fjár með því að hafa í heimildarleysi kastað eign sinni á 810.000 krónur sem ranglega voru lagðar inn á hlaupareikning hennar 13. október 2006 af Brimborg ehf. Ákærða Kristni er jafnframt gefin að sök hlutdeild í þessu broti með því að hafa í verki veitt ákærðu liðsinni, sem fólst í því að taka við fjármunum þessum og endurgreiða ákærðu. Svo sem áður er rakið fóru þessar greiðslur fram með ellefu innborgunum á tímabilinu 16. til 30. október 2006, en í ákæru segir ranglega að greiðslurnar hafi verið inntar af hendi með tólf færslum á tveggja mánaða tímabili. Þetta stendur ekki í vegi sakfellingar, enda hefur vörn málsins ekki verið áfátt af þessum sökum, sbr. l. mgr. 180. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

Samkvæmt 246. gr. almennra hegningarlaga varðar sektum eða fangelsi allt að þremur árum fyrir mann sem kastar eign sinni á fundna muni eða muni, sem án aðgerða hans eru komnir í vörslur hans.

Ákærða Rhonica hefur fyrir dómi kannast við að hafa haft aðgang á netinu að svonefndum heimabanka hjá Kaupþing banka hf. þar sem hún var með þann hlaupareikning sem Brimborg ehf. lagði fé inn á í umrætt sinn. Með þessari þjónustu var ákærðu kleift milliliðalaust að ráðstafa þessum fjármunum svo sem hún gerði síðar sama dag með því að millifæra 800.000 krónur inn á reikning ákærða Kristins og 550.000 krónur inn á reikning Örvars Fanngeirssonar. Að þessu leyti eru umráð á fjármunum önnur en fyrr á tímum þegar ekki var hægt að ráðstafa fjármunum á innlánsreikningum nema með atbeina starfsfólks viðkomandi banka eða sparisjóðs. Þegar þetta er virt leikur ekki vafi á því að fjármunir þeir sem ákærðu Rhonicu er gefið að sök að hafa kastað eign sinni á eru verknáðarandlag sem fellur undir 246. gr. almennra hegningarlaga.

Fyrir liggur að Brimborg ehf. greiddi tvívegis söluandvirði bifreiðarinnar JK-610 inn á hlaupareikning ákærðu. Var fyrri innborgunin innt af hendi 5. september 2006 en sú síðari 13. október sama ár, eins og áður getur. Ákærða Rhonica hefur ekki vefengt að Brimborg ehf. hafi vegna mistaka lagt inn á hlaupareikning hennar síðari greiðsluna. Hún hefur hins vegar skýrt svo frá að um þetta hafi hún verið grandlaus þegar hún ráðstafaði nær öllum fjármunum af reikningnum síðar sama dag. Hefur ákærða borið því við að hún hafi álitnið að innborgunin inn á reikninginn hafi verið greiðslur til ákærða Kristins sem hafi vísað á reikning hennar.

Ákærði Kristinn hefur einnig greint svo frá að hann hafi fengið að beina greiðslu til sín um hlaupareikning ákærðu Rhonicu. Til skýringar á því hefur ákærði bent á að hann hafi á þessum tíma aðeins verið með bankabók auk þess sem hann

hafi verið á bótum samhliða því að taka að sér verk án þess að gefa upp þær tekjur. Þótt þetta verði tæplega skilið í ljósi þess að ákærða millifærði fjármuni rakleitt af hlaupareikningi sínum yfir á bankareikning ákærða er til þess að líta að innborgun að fjárhæð 650.000 krónur var lögð inn á reikning hennar af Hrafn Helgasyni, auk þess sem ákærða millifærði 550.000 krónur inn á reikning Örvars Fanngeirssonar. Ákærða hefur skýrt frá því að þessir menn séu henni með öllu ókunnir en ákærði hefur aftur á móti staðfest að hann hafi átt í samskiptum við umrædda menn á þessu tímabili. Engin efni eru til að vefengja þetta og því verður að leggja til grundvallar að ákærði Kristinn hafi með þessu móti haft aðgang að hlaupareikningi ákærðu. Jafnframt er ekki hægt að vísa því á bug að ákærða hafi fyrst gert sér grein fyrir að umtalsvert fé hafði verið lagt inn á hlaupareikning hennar þegar hún skoðaði stöðu á reikningnum í hraðbanka, en um var að ræða annars vegar fyrrgreinda innborgun að fjárhæð 650.000 krónur 9. október 2006 og innborgun Brimborgar ehf. 13. sama mánaðar að fjárhæð 810.000 krónur. Verður því heldur ekki slegið föstu að ákærðu hafi verið ljóst hvaðan greiðslur bárust síðar sama dag og Brimborg ehf. greiddi inn á reikninginn, en þennan dag millifærði ákærða 1.350.000 krónur af reikningnum, þar á meðal 800.000 krónur til ákærða Kristins. Er þá haft í huga að ekki liggur fyrir í málinu hvort greiðandi innborgunar var tilgreindur á yfirliti í heimabanka ákærðu sama dag og greiðslan var innt af hendi.

Eftir að ákærða Rhonica millifærði 800.000 krónur af hlaupareikningi sínum 13. október 2006 yfir á bankabók ákærða Kristins millifærði hann á tímabilinu 16. til 30. þess mánaðar samtals 560.000 krónur með ellefu innborgunum aftur yfir á hlaupareikning ákærðu. Fyrir dómi var á báðum ákærðu að skilja að þetta hefði verið óvenjulegt en ákærði Kristinn hefði þó áður lagt ákærðu Rhonicu til fé. Einnig bar ákærða fyrir dómi að útgjöld hennar á þessum tíma sem og í dag væru umtalsverð, en hún væri einstæð móðir. Að álitni dómsins eru þessar skýringar ákærðu á svo umtalsverðum fjárframlögum frá ákærða Kristni til ákærðu Rhonicu alls ófullnægjandi og í engu samræmi við annað sem liggur fyrir í málinu. Er þá til þess að líta að ákærði Kristinn lauk langri afplánun í fangelsi í lok janúar 2006 eða um 10 mánuðum áður en hann innti umræddar greiðslur af hendi til ákærðu. Á þessum tíma var ákærði ekki í fastri vinnu en fékk örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Hann kveðst þó hafa tekið að sér tilfallandi verk í málningarvinnu og taldi sig hafa átt útistandandi 500 til 700 þúsund í verklaun. Einnig taldi ákærði sig hafa átt inni fé sem hann lánaði öðrum. Þeirri frásögn ákærða að hann hafi átt von á greiðslum fyrir einhver verk eða átti inni fjármuni hjá einhverjum verður í sjálfu sér ekki vísað á bug. Á hinn bóginn er afar ótrúverðugt með hliðsjón af aðstæðum ákærða Kristins að hann hafi átt von á greiðslu í þessum mæli og í raun ekkert minna en fráleitt að ákærðu hafi ekki fljótlega í kjölfarið kannað hvaðan greiðslur bárust inn á hlaupareikning ákærðu Rhonicu. Er þá til þess að líta að frásögn ákærða Kristins kemur illa heim og saman við að hann hafi átt von einni greiðslu að fjárhæð 810.000 krónur. Þá var beint tilefni til að athuga hvaðan greiðslur bárust þótt ekki væri nema til að ganga á eftir ógreiddum kröfum miðað við þau umsvif sem ákærði Kristinn hefur sjálfur lýst.

Auk þeirra atriða sem hér hafa verið rakin er til þess að líta að greiðslur samtals að fjárhæð 100.000 krónur bárust ákærðu Rhonicu eftir að hún sjálf taldi sig hafa fengið heimsókn frá stjórnarformanni Brimborgar ehf., sem greindi henni frá því að andvirði bifreiðarinnar hefði verið tvígreitt. Þannig hélt hún áfram að taka við og tileinka sér fé frá ákærða Kristni eftir að hún kannast við að hafa verið grandsöm um hvernig í pottinn var búíð. Ákærða hefur skýrt svo frá að hún hafi í

kjölfarið boðist til að greiða inn á skuldina en hlutagreiðslu hafi verið hafnað. Þessi frásögn ákærðu fer aftur á móti í bága við það sem fram kemur í bréfi 21. september 2007, en þar er þess farið á leit fyrir hönd Brimborgar ehf. að skuldin verði greidd eða samið um hana. Er þá einnig haft í huga að ástæðulaust væri með öllu úr því sem komið var að synja um viðtöku á greiðslu frá ákærðu sem hún segist hafa boðið fram. Á þessum framburði ákærðu er því ríkur ólíkindablær sem og frásögn hennar allri eins og hér hefur nánar verið rakið.

Samkvæmt framansögðu er sannað gegn neitun ákærðu Rhonicu að henni hafi verið ljóst að Brimborg ehf. hafði tvígreitt bifreiðina JK-610 á því tímabili sem hún fékk endurgreiddan verulegan hluta af þeim 800.000 krónum er hún lagði inn á bankareikning ákærða Kristins sama dag og síðari greiðslan frá Brimborg barst henni 13. október 2006. Er jafnframt sannað að ákærða, sem hefur að engu leyti staðið skil gagnvart Brimborg ehf., hafi kastað eign sinni á þessa fjármuni. Með þessu atferli hefur ákærða því gerst brotleg við 246. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem hér hefur verið rakið lagði ákærða Rhonica 800.000 krónur inn á bankareikning ákærða Kristins. Með því að haga endurgreiðslu á hluta af þeim fjármunum á þann veg að leggja reglulega inn óverulegar fjárhæðir hjá ákærðu var girt fyrir að unnt væri að bakfærða greiðsluna frá Brimborg ehf. Eins og áður er rætt er mjög ótrúverðug frásögn ákærða Kristins um fjárframlög hans á þessum tíma til ákærðu Rhonicu, auk þess sem hann gat að mjög takmörkuðu leyti skýrt ástæður þess að greiðslum var hagað með þessu móti. Þá er þess að gæta að ákærði sagði fyrir dómi þegar á hann var gengið að hann hefði ekki ætlað að taka peninga frá ákærðu. Af þeim orðum ákærða og öðru því sem hér hefur verið rakið er ekki varhugavert að slá því föstu að ákærða hafi hlotið að vera ljóst hvað bjó að baki og að ekki var um að ræða fé sem hann átti með réttu. Þá er þess jafnframt að gæta að ákærði hefur ekki gert nein skil þótt honum hafi að eigin sögn síðar borist þær greiðslur verklauna sem hann heldur fram að hann hafi talið sig vera að fá greidd með innborguninni frá ákærðu. Að öllu þessu virtu er sannað gegn neitun ákærða að hann hafi með því að hafa fjármunina í sinni umsýslu og haga endurgreiðslu á hluta af fjármuninum með fyrrgreindu móti veitt ákærðu liðsinni í verki við að kasta eign sinni á þá fjármuni sem ranglega voru lagðir inn á hlaupareikning hennar, en með því hefur hann gerst brotlegur við 246. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 22. gr. sömu laga.

V

Með bréfi 16. nóvember 2007 var málið kært til lögreglu en málið var höfðað með útgáfu ákæru 9. júlí 2010. Þessi síðbúna saksókn skýrist af ástæðulausum drætti sem varð á málinu hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Fer þessi málsmeðferð í bága við meginreglu sakamálaréttarfars um hraða málsmeðferð og er í andstöðu við 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta er aðfinnsluvert og hefur áhrif við ákvörðun refsingar.

Refsing ákærðu Rhonicu, sem er með hreint sakavottorð, þykir hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi en rétt þykir að fresta fullnutu refsingarinnar og falli hún niður að einu ári liðnu frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Samkvæmt sakavottorði hlaut ákærði Kristinn dóm í Kaupmannahöfn 12. desember 2003 fyrir fíkniefnalagabrot. Var refsing ákveðin fangelsi í þrjú ár og sex mánuði. Ákærði fékk reynslulausn 26. janúar 2006 í tvö ár á óafplánaðri refsingu sem var fangelsi í 420 daga. Þá hlaut ákærði dóm fyrir ölvunarakstur 5. nóvember 2007 og voru viðurlög ákveðin fésekt og svipting ökuréttar.

Með broti því sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir rauf hann skilorð þeirrar reynslulausnar sem hann fékk 26. janúar 2006. Að gættum þeim drætti sem orðið hefur á meðferð málsins þykir rétt samkvæmt heimild í 1. mgr. 65. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 49/2005, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, að láta reynslulausn ákærða standa óhaggaða og gera honum refsingu sér í lagi vegna brotsins sem hér er dæmt um. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi en rétt þykir að fresta fullnutu refsingarinnar og falli hún niður að einu ári liðnu frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Með þeirri háttsemi sem ákærða Rhonica hefur verið fundin sek um bakaði hún sér bótaskyldu gagnvart Brimborg ehf. og verður sú krafa tekin til greina eins og hún er sett fram, en upphafsdagur dráttarvaxta er miðaður við þann dag er mánuður var liðinn frá því ákærðu var sent innheimtubríf 24. október 2006, sbr. 3. mgr. 5. gr. og 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Jafnframt verður ákærðu gert að greiða málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn svo sem í dómsorði greinir.

Í málinu hefur ekki fallið til annar sakarkostnaður en málsvarnarlaun og ferðakostnaður verjenda ákærðu sem þeim verður hvoru um sig gert að greiða sínum verjanda, sbr. 1. mgr. 219. gr. laga nr. 88/2008.

Benedikt Bogason, héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærða, Rhonica Rae Reynisson, sæti fangelsi í þrjú mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnu einu ári frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, með síðari breytingum.

Ákærði, Kristinn Freyr Reynisson, sæti fangelsi í þrjú mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnu einu ári frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, með síðari breytingum.

Ákærða Rhonica greiði Brimborg ehf. 810.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 13. október 2006 til 24. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 200.000 krónur í málskostnað.

Ákærða Rhonica greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Halldórs Björgvinssonar, héraðsdómslögmanns, 376.500 krónur, og ferðakostnað verjandans, 37.730 krónur.

Ákærði Kristinn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Huga Bjarnasonar, héraðsdómslögmanns, 313.750 krónur, og ferðakostnað verjandans, 16.650 krónur.

Benedikt Bogason